

# Umgengnisreglur á beitarlandi

## 1.gr.

Allt land innan lögsögu Akraness sem notað er fyrir beit skal hlíta þessum umgengisreglum. Land fyrir almenna beit sbr 2. grein, land fyrir skammbeitarhólf og land sem notað er til slægna sbr 3 grein.

Þar sem þessum reglum sleppir skal fara eftir búfjárreglugerð fyrir Akraneskaupstað.

## 2.gr.

Land fyrir almenna beit afmarkast sem hér segir;

til og með fjárgirðingu að norðan,

reiðstigur ofan sorphauga að austan,

nýr vegur frá Innri-Akraneshreppi að Þjóðvegi 51 að sunnan,

Þjóðvegur 51 að Steypustöð,

land fyrir ofan Berjadalsárnámu að fjárgirðingu ( sjá fylgiskjal A).

Búfjáreigendum er heimilt að ráðstafa landinu til beitar að undanskildu því sem um getur í fjórðu grein.

## 3.gr.

Land sem nýtt er til slægna skal nýta áfram sem slík þar til annað verður ákveðið í aðalskipulagi, sbr.10 grein.

Skammbeitarhólf þ.e. önnur svæði innan bæjarmarka sem notuð eru fyrir beit munu lúta reglum beitarnefnda eins og við á.

## 4.gr.

Eftirtalin svæði eru ætluð til annars en beitar, en þó er beit heimil uns framkvæmdir hefjast. Innan fjárgirðingar land það sem Skotfélagið hefur fengið úthlutað og grófurðunarstaður fyrir sorp neðan núverandi hauga, framkvæmdir þar hefjast 1997.

## 5.gr.

Búfjáreigendur skulu annast eftirfarandi:

Girðingar að undanskildum merkjagirðingum sem bærinn sér um.

Skurðagröft innan beitar svæða.

Áburðargjöf á beitar svæði.

Viðhald á réttum og útbúa skjól fyrir búfénaðinn þar sem þess er þörf.

Til fjármögnunar skal beitarnefnd innheimta beitar gjöld.

### 6.gr.

Fjáreigendafélagið er umsjónar og eftirlitsaðili með sauðfjárbeit í bæjarlandinu og tekur beitargjöld af sínum mönnum. Einnig skulu þeir sjá um fjallskil (sbr.fylgiskjal C).

Hestamannafélagið Dreyri er umsjónar og eftirlitsaðili að allri hrossabeit í bæjarlandinu og er því heimilt að láta félagsmenn búsetta á Akranesi ganga fyrir við úthlutun beitarhólfa.

Hestamannafélagið fær skammbeitarhólf skv. teikningu (fylgiskj. B). Beitarnefnd hestamanna úthlutar hólfum til þeirra sem hafa greitt beitargjöld. Skammbeitarhólf skulu eingöngu notuð fyrir reiðhesta og verði misbrestur á því skal beitarnefnd taka hólf af viðkomandi.

Leigjendum skammbeitarhólfa er skylt að viðhalda girðingum umhverfis hólfíð og annast áburðargjöf árlega. Sé viðhaldi ábótavant skal hólf tekið af viðkomandi. Ekki skal einstaklingi úthlutað fleiri hólfum en beitarnefndir telja viðkomandi þurfa. Skammbeitarhólf skulu ekki notuð eftir 15. september.

### 7.gr.

Hesta má hafa á beit frá 1. júní til áramóta, ef land leyfir að mati sameiginlegrar beitarnefndar, Garðyrkjustjóra og Umhverfisnefndar.

Sauðfé skal sett á afréttir og beitt í fjárgirðingu frá skilaréttum til 15. nóvember.

Engum hrossum má sleppa í fjárgirðinguna fyrr en eftir að sauðfé er sett á afréttir. Skal stýra beit þeirra á mýrina, en halda Slögu og reit næst Berjadalsá lausu við hrossabeit, þó getur Garðyrkjustjóri heimilað beit á fjárgirðinguna alla eftir að fé er komið úr girðingunni 15.nóv. ef þörf er á að bíta niður sinu á þeim svæðum sem ekki eru ætluð til hrossabeitar.

Stefnt skal að því að tryppum og merum með folöld verði komið í hagagöngu utan Akraness, svo unnt sé að létta beitarálag á bæjarlandinu.

Einnig skal heimilt að lækka beitargjöld hjá þeim sem nota haustbeit fyrir reiðhesta sína utan Akraness.

### 8.gr.

Velja skal sameiginlega beitarnefnd, einn frá hvorri beitarnefnd og garðyrkjustjóra sem oddamann, sem skal samhæfa verkefni beitarnefnda, skipuleggja beit og sjá til þess að beitarlandi sé viðhaldið.

### 9.gr.

Ef ágreiningsmál koma upp skal þeim vísað til Garðyrkjustjóra og Umhverfisnefndar.

Til að létta beitarálag á bæjarlandinu er þeim tilmælum beint til þeirra sem hafa slægjur í bæjarlandi að nýta þær til beitar að slætti loknum.

Ávallt skal taka tillit til beitarþols hvers landskika fyrir sig á hverjum tíma.



## 10.gr.

Ef þörf er á að ráðstafa hluta landsins til annarra nota skal búfjáreigendum greint frá því með þriggja mánaða fyrirvara.

### Fylgiskjöl


Teikning af landi því sem almenn beit er heimil á fylgir sem fylgiskjal A.

Teikning af skammbeitarhólfum fylgir sem fylgiskjal B.

Skilmálar þeir sem fjáreigendur gengust inn á varðandi afréttir og fjallskil skv samningi dags. 01.10.'92 skulu standa og fylgja samþykkt þessari sem fylgiskjal C.

Uppdráttur og skýringar vegna beitarstýringar hrossa innan "fjargirðingar" (beitarhólf í Skilmannahreppi) skv. tilmælum Ólafs Dýrmundssonar landnýtingarráðunauts.

F. h. Akraneskaupstaðar,




f.h. fjáreiganda á Akranesi

Stjórn Hestamannafélagsins Dreyra  
Samþykkir umgengnisreglur á  
beitarlandi fyrir sitt leyti og bendir á  
að tillaga landnýtingarráðunauts  
um beitarstýringu stangast á  
við 7. gr. umgengnisreglanna.  
Ragnheiður Þorgrímisdóttir  
f.h. Hestamannafélagsins Dreyra


Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness 26. ágúst 1997.

FYLGISKJAL A





FYLGISKJAL B



Fylgiskjal C

## Fjallskil

Fjáreigendur skulu annast alla smölun á því landi sem þeir hafa til afnota og gera fjallskil samkvæmt fyrirmælum fjallskilareglugerðar Borgarfjarðarsýslu.

Leigusali leigir leigutaka beitarrétt í landi Grafardals þ.e. þeim hluta Grafardals sem er í eigu leigusala.

Leigutaki skal sjá um framkvæmd fjallskila samkvæmt fyrirmælum fjallskilareglugerðar Borgarfjarðarsýslu. Leigusali leggur til tvær flutningabifreiðar í fyrstu leit og eina flutningabifreið í aðra leit.

Leigutaka er einungis heimilt að nota Grafardalslandið til beitar og því eru öll afnot af landinu óheimil, nema samþykki leigusala komi til

## Tillaga landnýtingarráðunauts á beitarstýringu

Beitarhólf austan Berjadalsár er ætlað fyrir alla fjárbeit og beit fyrir hross þó ekki fleiri en 40 - 50 talsins. Meðfylgjandi er tillaga Ólafs Dýrmundssonar landnýtingarráðunauts um beitarstýringu hrossa innan girðingunnar.

Hrossabeit skal ekki eiga sér stað á valllendissvæðum innan girðingarinnar. Þar með eru Slaga og bakkar Berjadalsár eingöngu ætluð til sauðfjárbeitar.

Mýrin svokölluð skal bera alla hrossabeit og skal henni skipt niður í 3-4 hólf sem verður fært á milli eftir því sem þurfa þykir. Sameiginleg beitarnefnd skal ákvarða hversu lengi hrossin mega vera innan hvers hólfs. Skal þess sérstaklega gætt að landið sé hóflega bitið og ekki sé gengið of nærri því. Þyki sýnt að hólfni beri ekki hrossabeitina, skal þegar létt beitarálagi af landinu með því að minnka eða fjarlægja hrossabeitina.

